

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun, kr. 450.00.

Ef fundin eru óleyfilega eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki endurofnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald, kr. 450.00 til rafveitunnar.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni svo og viðlagagjald. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 14. maí 1974, sbr. heimild nr. 85 14. maí 1974, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 379 11. desember 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 24. júní 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

24. júní 1974.

Nr. 203.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 272 18. nóvember 1966
um sektargerðir lögreglustjóra.

1. gr.

Í stað „5 000 króna“ í 1. málsg. 1. gr. komi: 10 000 króna.

2. gr.

Í stað orðanna „Saksóknari ríkisins“ í 2. gr. komi: Ríkissaksóknari.

3. gr.

Í stað orðsins: „saksóknara“ í 7. gr. komi: ríkissaksóknara.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 73 21. júní 1973 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 61 21. maí 1974, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. júní 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.